

Greinargerð um starf Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum 2023

Efnisyfirlit

1. SAMANTEKT	2
2. INNGANGUR	3
3. HVERNIG SVIÐIN Hafa UNNIÐ MEÐ JAFNRÉTTISSJÓNARMÍÐIÐ	5
HELMINGUR SVIÐANNA HEFUR UNNIÐ GREININGAR OG SETT SÉR MARKMIÐ	5
MEIRIHLUTI SEGIR ÞÖRF Á MEIRI GÖGNUM OG ÞEKKINGU	6
SJÓNARMÍÐ JAFNRÉTTIS FLÉTTUÐ INN Í HINA ÝMSU FERLA	8
MYND 1: INN Í HVAÐA FERLA ERU JAFNRÉTTISSJÓNARMÍÐ FLÉTTUÐ?	8
FLÉTTUÐ INN Í STEFNUMÓTANDI SKJÖL MARGRA SVIÐA	9
VÆGI SJÓNARMÍÐANNA ER ÁLÍKA MIKIÐ Á TÍMABILINU	10
4. AÐGERÐIR OG VERKEFNI SVIÐANNA	10
5. FYRIRSVAR Í NEFNDUM OG STARFSHÓPUM	18
6. STARF MR-JÄM Á TÍMABILINU	21
7. SAMANTEKT	23



1. Samantekt

Með Framtíðarsýn okkar 2030 setti Norræna ráðherranefndin markið hátt varðandi hin almennu sjónarmið um sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks. Í [stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungs fólks](#) kemur fram að þessi sjónarmið skuli höfð að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar. Ár hvert ber Norrænu ráðherranefndinni að gera Norðurlandaráði grein fyrir vinnu sinni að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemi sína.

Eftirfarandi greinargerð bregður í meginráttum upp jákvæðri mynd af vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum og innleiðingu sjónarmiða jafnréttis í starfsemina.

- Öll svið geta nefnt dæmi um það hvernig þau unnu að jafnrétti eða fléttuðu jafnréttissjónarmið inn í skipulag og framkvæmd verkefna og gerð samstarfsáætlana og annarra stefnumótandi skjala.
- Tiltölulega algengt er að gerð sé krafa um að þau sem sækja um styrki í gegnum styrkjakerfi og útboð ráðherranefndarinnar séu meðvituð um að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.
- Helmingur sviðanna greinir frá því að þau hafi unnið ítarlegri greiningar á starfsemi sinni út frá jafnréttissjónarhorni og sett sviðinu sérstök markmið. Helmingurinn greinir á hinn bóginn frá því að slíkar greiningar hafi ekki verið gerðar og að jafnréttismarkmið séu ekki til staðar fyrir sviðið.
- Meirihluti segir að þörf sé á frekari talnagögnum og þekkingu til þess að geta betur varpað ljósi á ýmsa þætti tengda jafnréttismálum á viðkomandi málefnasviði.

Í lýsingum sviðanna á verkefnum og áherslum í jafnréttisvinnunni er að finna mörg dæmi um verkefni sem hafa tengingu við atvinnulífið. Bæði snúast þau um að ýta undir val á námi og starfi óháð kyni en einnig um tækifæri erlendra kvenna til þess að komast inn á vinnumarkaðinn. Einnig voru nefnd mörg dæmi þar sem áhersla hefur verið lögð á réttinda- og jafnræðismál, t.d. fyrir LGBTI fólk.

Heilt á litið er Norræna ráðherranefndin vel á veg komin í vinnunni við að innleiða jafnréttissjónarmið en frekari þróunar er þörf til að uppfylla fyrirætlanir [stefnunnar](#). Fleiri svið þurfa að greina málefnasvið sín með kerfisbundnum hætti út frá jafnréttissjónarmiði og setja sér markmið í jafnréttismálum. Einnig þarf að efla vinnuna með framkvæmd ítarlegra greininga, sem svo er hægt að nota til að gera áætlanir um aukið jafnrétti. Jafnframt er mikilvægt að vinna áfram að jafnari kynjaskiptingu í nefndum og starfshópum ráðherranefndarinnar.



2. Inngangur

Með Framtíðarsýn okkar 2030 setti Norræna ráðherranefndin markið hátt varðandi hin almennu sjónarmið um sjálfbæra þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks. Í [stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungs fólks](#) kemur fram að þessi sjónarmið skuli höfð að leiðarljósi í öllu starfi ráðherranefndarinnar.

Innleiðing þessara sjónarmiða er forsenda þess að Norðurlönd nái því markmiði sínu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um Framtíðarsýn okkar 2030 fjalla markmið 9 og 12 sérstaklega um jafnrétti. Í markmiði 9 segir: „Norræna ráðherranefndin mun stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.“ Þá segir einnig í framkvæmdaáætluninni: „Norræna ráðherranefndin mun samþætta og innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmið barna og ungs fólks í allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar,“ og „innleiða nýjan málaflokk í norrænu samstarfi um jöfn tækifæri, jafnræði og jöfn réttindi LGBTI einstaklinga á Norðurlöndum“.

Ár hvert ber Norrænu ráðherranefndinni að gera Norðurlandaráði grein fyrir vinnu sinni að því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemi sína. Þessi skýrsla fjallar bæði um vinnuna við [samstarfsáætlunina um jafnréttismál](#) og um vinnuna almennt með tilliti til ofangreindra stefnumótunarskjala; Framtíðarsýnar okkar, stefnunnar um samþættingu og framkvæmdaáætlunarinnar. Eftirfarandi greinargerð gildir formlega um árið 2023 en svarendur voru beðnir um að taka einnig með þær aðgerðir sem komið hafa til framkvæmda frá síðustu greinargerð, þ.e. frá því í júní 2022.

Jafnréttissjónarmiðið er eitt þriggja þverlægra sjónarmiða innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Hin tvö eru sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks og sjónarmið sjálfbærrar þróunar.

Um greinargerðina

Greinargerðin er byggð á upplýsingum frá 15 fagsviðum og málefnasviðum innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Með það fyrir augum að einfalda lestur eru bæði formleg fagsvið og málefnasvið nefnd „svið“ í greinargerðinni.

1. Vinnumál (MR–A)
2. Börn og ungmenni (MR-SAM)
3. Stafræn umskipti (MR-DIGITAL)



4. Fjármál (MR-FINANS)
5. Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)
6. Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM)
7. Sjálfbær þróun (MR-SAM)
8. Aðlögunarmál
9. Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM)
10. Dómsmál (MR-JUST)
11. Menningarmál (MR-K)
12. Umhverfi og loftslag (MR-K)
13. Atvinnu-, orku- og byggðastefna (MR-TILLVÄXT) (Hér hefur svörum frá undirsviðunum þremur um atvinnu-, orku- og byggðamál verið slegið saman)
14. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)
15. Menntun og rannsóknir (MR-U)

Sviðin svöruðu spurningalista sem hefur verið í stöðugri þróun og einföldun frá fyrstu greinargerðinni. Þau voru beðin um að gera grein fyrir því hvernig unnið hefur verið út frá markmiðum Norrænu ráðherranefndarinnar í jafnréttismálum og gefa lýsandi dæmi um verkefni og verklag. Þessi greinargerð er byggð á svörum þeirra við þessum spurningalista. Samskiptasvið skilaði inn lýsingu á verkefnum sínum og er fjallað um svör sviðsins í 4. kafla. Svörin voru upprunalega gefin á dönsku, norsku eða sænsku en þýdd yfir á sænsku fyrir lokaútgáfu greinargerðarinnar.

Um vinnuna við samþættingu

Öll svið og stofnanir, auk skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, bera ábyrgð á því að flétta sjónarmið jafnréttis inn í starfsemina. Á skrifstofunni hefur verið ýtt úr vör verkefni til þess að innleiða stefnuna þar sem vinna við að flétta inn sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og málefna ungs fólks fer fram jöfnum höndum. Á árinu 2023 hefur áhersla verið lögð á þrjú viðmið stefnunnar um að tryggja þekkingu, greina afleiðingar og halda aðgengilega viðburði og fundi. Á meðal aðgerða eru rafrænt kynningarnámskeið fyrir allt starfsfólk, þróun framhaldsnámskeiða, nýtt leiðbeiningaefni til þess að tryggja betur fyrirvar og inngildingu á viðburðum og réttindamiðuð greining á aðgerðum sem snerta börn og ungt fólk.



3. Hvernig sviðin hafa unnið með jafnréttissjónarmiðið

Í eftirfarandi kafla er farið yfir það hvernig sviðin hafa lagt áherslu á og fléttað sjónarmið jafnréttis í starf sitt.

Helmingur sviðanna hefur unnið greiningar og sett sér markmið

7 af 15 sviðum svöruðu spurningunni um hvort farið hefði fram greining á jafnréttistengdum þáttum innan sviðsins á tímabilinu 2022–2023 játandi. Þau svið sem svöruðu játandi voru einnig beðin um að lýsa því hvaða gögn eða tölfræði þau hefðu notað.

Svið vinnumála (MR-A) nefndi kynjuð talnagögn sem er að finna í skýrslu OECD, [Nordic Lessons for an Inclusive Recovery? Responses to the Impact of COVID-19 on the Labour Market](#). MR-A nefndi einnig þátt sinn í fjármögnun verkefnis í tengslum við kynferðislega áreitni á vinnumarkaði sem einnig inniheldur talnagögn og MR-JÄM hefur umsjón með.

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) nefnir tölfræði sem [Nordic Forest Research \(SNS\)](#) og [The Nordic Joint Committee for Agricultural and Food Research \(NKJ\)](#) tóku saman.

Svið aðlögunarmála vísar til tölfræði sem tekin var saman af skrifstofunni og Nordregio sem bendir til þess að mikill munur sé á milli kynja þegar kemur að tengingu við vinnumarkaðinn og einnig á því að hve miklu leyti norrænu löndunum tekst varðandi aðlögun kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði.

Svið sjálfbærrar þróunar (MR-SAM) segir að Rambøll Management Consulting hafi verið falið það verkefni að vinna talnagögn um vinnuna við Framtíðarsýn okkar 2030. Áherslan á að vera á það hvernig Norðurlöndum gengur á þeirri vegferð sinni að verða sjálfbært og samþætt svæði. Stöðuskýrslan ásamt niðurstöðum lá ekki fyrir þegar þessi greinargerð var tekin saman.

Svið menningarmála (MR-K) nefnir Kulturanalys Norden, þekkingarmiðstöð sem tekur saman talnagögn og greiningar á menningartengdum málum á Norðurlöndum. Á árinu 2023 og frá síðustu skýrslu hefur miðstöðin tekið samantölfræði um [menningarlegan og skapandi vinnumarkað á Norðurlöndum](#) þar sem kynjamunur leikur veigamikið hlutverk. Skýrslan sýnir meðal annars að í öllum norrænu löndunum að Noregi undanskildum eru konur fleiri en karlar þegar kemur að menningarsköpun. Einnig sýnir hún að algengara er að karlar í menningarsköpun séu yfirmenn og reki eigin fyrirtæki. Nordicom er



samstarfsvettvangur MR-K á sviði fjölmiðlarannsókna. Á árinu 2023 mun tímarit Nordicom, Nordic Journal of Media Studies, fjalla um fjölmiðla og kyn á Norðurlöndum. Árin 2022 og 2023 birtust í tímaritinu Nordicom Review dæmi um rannsóknargreinar um fjölmiðlanotkun/fjölmiðlaframleiðslu og kyn, m.a. greinina: [Podcasting about yourself and challenging norms: An investigation of independent women podcasters in Denmark](#).

Svið umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK) vísar til Nordregio og rannsóknarverkefnisins [Not Just a Green Transition \(NJUST\) – Examining the path towards a socially just green transition in the Nordic Region](#). Einnig nefnir sviðið rannsóknarverkefnið [Ensuring inclusive economic growth in the transition to a green economy](#). Í báðum verkefnum er sjónum beint að því hvernig aukin áhersla á inngildingu og jafnrétti kemur grænum umskiptum í átt til loftslagshlutlauss hagkerfis til góða.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT) nefnir árlegar skýrslur Unconventional Ventures þar sem tekin er saman kynjuð tölfræði um skiptingu í tengslum við fjárfestingar á Norðurlöndum. Síðasta skýrsla kom út í október 2022 og sýnir að enn er mikill kynjamunur þegar kemur að fjárfestingum í sprotafyrirtækjum. Árið 2021 fóru 88,2 prósent fjárfestinga til verkefna þar sem eingöngu karlar voru stofnaðilar, 10,7 til verkefna þar sem stofnaðilar voru bæði karlar og konur en aðeins 1,1 prósent til verkefna sem aðeins konur stóðu að. Önnur áhugaverð niðurstaða er að það er um það bil tvöfalt líklegra að teymi sem inniheldur a.m.k. eina konu stofni fyrirtæki sem hefur ákveðin gildi að leiðarljósi, samanborið við teymi sem aðeins er skipað körlum.

Átta svið greindu frá því að hjá viðkomandi sviði liggi fyrir skráð markmið í jafnréttismálum. Svið málefna barna og ungmenna (MR-SAM), alþjóðlegs samstarfs og norðurskautssvæðisins (MR-SAM), dómsmála (MR-JUST), sjálfbærrar þróunar (MR-SAM), fjármála (MR-FINANS), umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK) og menntamála og rannsókna (MR-U) svöruðu spurningunni um hvort fyrir liggi skráð jafnréttismarkmið hjá sviðinu neitandi. Svið málefna barna og ungmenna (MR-SAM) bendir á að jafnrétti sé hluti af stefnu sviðsins en að ekki liggi fyrir sérstök markmið.

Meirihluti segir þörf á meiri gögnum og þekkingu

9 af 15 sviðum svara því játandi að þörf sé á meiri eða nýrri talnagögnum eða þekkingu á jafnréttismálum hjá viðkomandi sviði.



Svið vinnumála (MR-A) undirstrikar að mikið sé til af talnagögnum um jafnrétti og vinnumál en að mikilvægt sé að uppfæra slík gögn jafnóðum og greina þau svo þau geti legið til grundvallar nýjum aðgerðum.

Svið málefna barna og ungmenna (MR-SAM) vill vinna frekar með vísa varðandi börn og ungmenni sem einnig ættu að fela í sér jafnréttissjónarmið.

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) nefnir verkefnið Sjálfbær og heilbrigð matvælakerfi sem unnið er í tengslum við framtíðarsýnina en á vegum verkefnisins hefur farið fram stór rannsókn í samstarfi við Nordregio. Markmiðið er að rannsaka breytta hegðun og neysluvenjur, meðal annars út frá kynjasjónarmiði.

Svið stjórnsýsluhindrana (MR-SAM) skrifar að allri tölfærði sem stuðlað geti að skilningi á stjórnsýsluhindrunum sem birtast konum og körlum með mismunandi hætti sé tekið fagnandi. Dæmi er tekið af kynjaskiptri tölfærði varðandi ferðir til og frá vinnu sem gæti varpað ljósi á jafnréttismál með tilliti til hreyfanleika og aðlögunarmála.

Svið menningarmála (MR-K) bendir á að þörf sé á betri kynjaskiptri tölfærði um listafólk, starfskjör þess, atvinnumöguleika og fjárhag og einnig um hugsanlegan kynjamun þegar kemur að notkun og neyslu á menningu.

Svið aðlögunarmála telur þörf á að bæta þekkingu á hindrunum í vegi fyrir þátttöku innflytjendakvenna í námi og á vinnumarkaði. Einnig telur sviðið almenna þörf á því að þróa norræna vísa um aðlögun á vinnumarkaði.

Svið umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK) telur almennt þörf á aukinni þekkingu á því hvernig aukið jafnrétti gagnist við grænu umskiptin.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT) ítrekar það sem lögð er áhersla á í skýrslunni [Female Entrepreneurship in the Nordics 2020](#), þ.e. að þörf sé á tölfærði um eignarhald og stjórn fyrirtækja til þess að greiningar verði markvissari.

Svið félags- og heilbrigðismála (MR-S) nefnir nýja áætlun um norrænt samstarf á sviði fötlunarmála (2023–2027) sem gerð var á vormánuðum 2022 þar sem kemur fram að útbúa eigi samanburðarhæfa norræna tölfærði í tengslum við fjögur svið, þ.e. mismunun, menntun, vinnumál og aðgengi, og að öll sú tölfærði verði kynjuð. Jafnframt nefnir sviðið að áhugavert væri að kanna hvort kyn hafi áhrif þegar kemur að notkun á heilbrigðisþjónustu og forvarnaraðgerðum (einnig rafrænum). Sömu leiðis mætti skoða hvort krísur komi með ólíkum hætti niður á fólki eftir kyni.



Sjónarmið jafnréttis fléttuð inn í hina ýmsu ferla

Sviðin voru einnig beðin um að tilgreina þá ferla sem jafnréttissjónarmið eru fléttuð inn í.



Mynd 1: Inn í hvaða ferla eru jafnréttissjónarmið fléttuð?

Niðurstöðurnar sýna að jafnréttissjónarmið eru einkum fléttuð inn í skipulagningu og framkvæmd verkefna og annarra aðgerða, ásamt gerð samstarfsáætlana og annarra stefnumótandi skjala (sjá næsta kafla). Einnig er tiltölulega algengt að jafnrétti sé hluti af kröfum sem gerðar eru til þeirra sem sækja um styrki í gegnum styrkjakerfi sviðanna. Aðeins nokkur svið greina frá því að jafnréttissjónarmið séu hluti af eftirfylgni og mati á stefnumótandi skjölum, við stjórn utanaðkomandi aðila eða við fjárhagsáætlunar- eða ákvarðanatökugerli.



Fléttuð inn í stefnumótandi skjöl margra sviða

Þau 12 svið sem hafa fléttuð sjónarmiðin í stefnumótandi skjöl sín þurftu einnig að gefa upp um hvaða stefnumótandi skjöl væri að ræða. Niðurstöðurnar sýna að jafnréttissjónarmið eru fyrst og fremst fléttuð inn í samstarfsáætlanir og önnur almenn stefnumótandi skjöl á borð við starfsumboð og verkefnalýsingar.

Jafnréttissjónarmið hafa verið fléttuð inn í samstarfsáætlanir á sviðum vinnumála, fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar, alþjóðamála, dómsmála, menningarmála, umhverfis- og loftslagsmála, atvinnu-, orku- og byggðamála, félags- og heilbrigðismála og menntamála og rannsókna. Auk samstarfsáætlana eru eftirfarandi dæmi nefnd:

Svið málefna barna og ungmenna (MR-SAM) nefnistefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum 2016–2024 sem sviðið ber ábyrgð á að styðja við innleiðingu á og eftirfylgd með og sem jafnréttismál eru mikilvægur hluti af. Ekki hafa þó verið sett nein ákveðin markmið.

Stafræn umskipti (MR-DIGITAL): Í ráðherryfirlýsingunni [Digital North 2.0](#) kemur fram að sviðið muni „stuðla að stafrænni samþættingu, valdeflingu og jafnrétti í samfélögum okkar með því að takast á við kynjabil, færnibil, getubil, mismunun vegna aldurs og bjöguð gögn og gegnum uppbyggingu stafræns trausts, meðvitundar um netöryggi og upplýsingaöryggi í samfélögum okkar.“

Stjórnsýsluhindranir: Í [starfsumboði Stjórnsýsluhindranaráðsins 2022–2024](#) kemur fram að leitast skuli við að hafa jafna kynjasamsetningu í Stjórnsýsluhindranaráðinu.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT) nefnir að jafnréttissjónarmið séu hluti af samningnum við Nordregio, NORA og Stjórnsýsluhindranaráðið.

Svið menningarmála (MR-K) nefnir að í fimm stefnumótandi umboðum norrænu menningarstofnananna komi eftirfarandi fram: „Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.“



„Þörf er á nýjum og skipulegum aðgerðum til að koma á kerfislægum breytingum í því skyni að ná fram jafnrétti, inngildingu og margbreytileika í menningarlífinu. Viðfangsefnið snerta menningarneytendur en einnig aðstæður starfsfólks í menningargeira, starfsframa þess, menningarhagkerfi, valdskipan og ýmis viðurkenningar- og úrvalskerfi.“
Ráðherranefndin um menningarmál (MR-K), úr samstarfsáætlun 2021–2024

Vægi sjónarmiðanna er álíka mikið á tímabilinu

Í könnun ársins svöruðu sviðin því í fyrsta sinn hvernig þau meti vinnuna við að innleiða jafnréttissjónarmið á viðkomandi tímabili (2023) samanborið við það síðasta (2022). Þrjú svið segja að sjónarmið jafnréttis hafa styrkst en önnur segja að vægi þeirra í starfinu sé álíka mikið og áður.

„Það hallar enn mjög á konur á sviðinu. Þótt breytingar séu hægfara vill sviðið áfram leggja áherslu á jafnrétti á komandi árum.“
MR-FJLS

4. Aðgerðir og verkefni sviðanna

Eftirfarandi kafli inniheldur samantekt á svörum sviðanna við spurningunni um það hvernig unnið hafi verið að því á sviðinu að flétta jafnréttissjónarmið inn í starfið. Hér voru sviðin hvött til þess að gefa heildarmynd af verklagi, verkefnum, ritum og öðrum aðgerðum sem máli skipta. Í sumum tilvikum hafa lýsingarnar verið stytta vegna lengdartakmarkana.

Svið vinnumála (MR–A) bendir á skýrsluna [Nordic Lessons for an Inclusive Recovery? Responses to the Impact of COVID-19 on the Labour Market](#) sem fjallar um áhrif faraldursins á atvinnugreinar og hvernig þær hafa náð sér á strik eftir hann. Sviðið tekur einnig þátt í að fjármagna [norrænt rannsóknarverkefni um kynferðislega áreitni á vinnumarkaði](#) sem NIKK stendur fyrir. Jafnframt tók sviðið þátt í fjármögnun verkefnis sem mun kynna hugvekju um jafnrétti og græn störf á árinu 2023.



Ráðstefnan **Jafnrétti á Norðurlöndum – aðgerðir og lausnir fyrir nám og atvinnulíf framtíðarinnar** var haldin haustið 2022 í tengslum við formennskuáætlun Norðmanna. Svið vinnumála, jafnréttis og menntamála stóðu sameiginlega að viðburðinum. Á ráðstefnunni var fjallað um áskoranir í tengslum við kynjaskiptingu í menntamálum og á vinnumarkaði.

Svið málefna barna og ungmenna (MR-SAM) styrkir vinnuna við að innleiða stefnuna um þverfagleg sjónarmið í Norrænu ráðherranefndinni árlega. Einnig styrkir sviðið norræna ungmennamánuðinn 2023 þar sem áhersla er á jafnréttismál. Rannsóknaverkefnið um kynferðislega áreitni sem vikið var að hér að ofan er fjármagnað af NORDBUK ásamt sviðum jafnréttismála, menningarmála og vinnumála. Ráðstefna fyrir börn og ungt fólk verður haldin í tengslum við áætlunina Nordic Leadership for Gender Equality in Climate Action 2023.

Svið stafræna umskipta (MR-DIGITAL) nefnir **NOBID-verkefnið – norrænt-baltneskt samstarf um rafræn skilríki**. Verkefnið miðar að því að auðvelda öllum, óháð kyni, aðgengi að rafrænni þjónustu þvert á landamæri. Sviðið nefnir einnig verkefni **formennskuáætlunar Finnlands** sem ætlað er að skila sér í gagnaskiptakerfi sem mun ýta undir jafnrétti með því að gera kleift að greina kynjamun sem kann að skipta máli.

Cross-Border Digital Services Study Abroad – hluti af CBDS-verkefni sviðisins er verkefni sem gengur út á að þróa rafræna þjónustu sem auðveldar fólki að stunda nám erlendis á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Jafnréttismál eru mikilvægur hluti af verkefninu og tekið er mið af þeim á öllum stigum þróunarvinnunnar.

CyberBattle Nordic Baltics 2023 (CBNB) – stærsta hakaþon á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu. Jafnréttissjónarmið skipta aðstandendur verkefnisins miklu máli og verkefnið miðar að því að auka þátttöku stúlkna og ungra kvenna. Langtímamarkmiðið er að jöfn skipting verði á milli drengja og stúlkna á þessu sviði. Markmið CBNB er að fá fleiri stúlkur til verkefnisins og upplýsinga- og tæknigeirans almennt.



Svið fjármála (MR-FINANS) greinir frá því að jafnréttissjónarmið hafi verið felld inn í verkefnalýsingu verkefnisins [Ensuring Inclusive Green Growth \(EnIGG\)](#). Verkefninu er ætlað að stuðla að jafnrétti í tengslum við græn umskipti.

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) undirstrikar áherslu NKJ og SNS á jafnréttismál.

Í síðustu auglýsingu NKJ um samstarfsnet um rannsóknir í skógrækt var mikil áhersla lögð á jafnrétti og stofnunin vill stuðla að jöfnum réttindum óháð kyni í skógariðnaðinum sem er mjög karllægur.

Innan verkefnisins Sjálfbær og heilbrigð matvælakerfi hefur verið ýtt úr vör stórra rannsókna, sem tekur mið af sjónarmiðum jafnréttis og inngildingar, á breyttri hegðun og neysluvenjum og er nú rætt um stórt verkefni á vegum formennsku Íslendinga 2023 í tengslum við félagslega sjálfbærni innan matvælakerfisins.

Samstarfsverkefnið BioEquality hefur stuðlað að auknu jafnrétti í lífhagkerfinu. Árið 2022 kom út **handbók** á vegum verkefnisins um það hvernig jafnréttissjónarmið eru fléttuð inn í lífhagkerfið. Þar sem skógrækt og landbúnaður eru á meðal karllægustu atvinnugreina er handbókinni ætlað að stuðla að auknum skilningi á þýðingu jafnréttis innan greinarinnar. Handbókin er miðuð við kennara og nemendur á skógræktar- og landbúnaðarbrautum.

Svið dómsmála (MR-JUST) nefnir aukna kynningu sviðsins á **Handbók í vinnu gegn kynferðislegri áreitni í dómstólakerfinu með þýðingum og fræðslumyndskleiðum á finnsku, íslensku og ensku með það fyrir augum að auka dreifingu.**

Svið menningarmála (MR-K) nefnir hvernig sviðið hefur almennt unnið að jafnrétti í tengslum við stjórn stofnana og samstarfsstofnana, við eftirfylgd verkefna og kynningu á niðurstöðum og kynningu málefna fyrir ráðherranefndinni. Sviðið nefnir einnig dæmi um stærri stefnumótandi verkefni á borð við Sjálfbæra menningarupplifun á Norðurlöndum þar sem kynjasjónarmið voru samþætt verkefninu. [Nordic Bridges](#) er annað dæmi sem nefnt er. Frá janúar til desember 2022 stóð verkefnið fyrir sýningu á norrænni list og menningu í Kanada. Yfir 400 listamenn tóku þátt og þar af skilgreina 52 prósent sig sem konur.



Á árinu 2022 lagði bókasafn Norrænu menningargáttarinnar sérstaka áherslu á að kaupa bækur sem fjalla um jafnrétti kynjanna, málefni LGBTI, stöðu minnihlutahópa á Norðurlöndum og loftslagsvandann.

Svið atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-TILLVÄXT): Auk verkefnisins *Diversity and Inclusion* (sjá textareit) greinir sviðið frá því að á árinu 2022 hafi Norrænar orkurannsóknir staðið fyrir ráðstefnunni *Nordic Energy Equality Conference 2022* með yfir 50 þátttakendum. Verkefnið *Women in Energy* hófst á Íslandi en hefur nú dreifst víðar á Norðurlöndum. Verkefninu er ætlað að hvetja konur og fyrirtæki til þess að vera ávallt á verði í jafnréttismálum og sýna að konur geti sinnt störfum í orkuiðnaði ekki síður en karlar.

Verkefnið „*Diversity and Inclusion*“ er regnhlífarverkefni ýmissa þverfaglegra aðgerða og verkefna á tímabilinu 2021–2024. Dæmi um verkefni eru **Nordic Innovation Diversity Task Force**, **Nordic Impact Scaleup** og **Nordic VC Challenge**.

Svið félags- og heilbrigðismála (MR-S) greinir frá starfi sviðsins við að flétta jafnréttissjónarmið inn í ýmsa ferla og hvernig sviðið vinnur að innleiðingu *nýs leiðarvísis um samþættingu þverfaglegu sjónarmiðanna þriggja* sem Norræna ráðherranefndin gaf út vorið 2022. Meðal annars er leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu í stýrihópum verkefna, á meðal viðmælenda í rannsóknum og í tengslum við aðgerðir sem norrænum borgurum er boðið að taka þátt í. Framvegis verður viðleitni til að hafa jafna kynjaskiptingu staðlaður hluti af sniðmátum sviðsins vegna samstarfsneta og stýrihópa.

Samkvæmt árlegu fjárveitingarbréfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, NVC, á stofnunin að vinna með kerfisbundnum hætti að því að flétta sjálfbærni, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks í allt starf sitt. Haustið 2020 tilnefndi NVC því einn ábyrgðarmann fyrir hvert þessara sjónarhorna, þar með talið í jafnréttismálum.

Jafnréttissjónarmið eiga að vera hluti af öllu verkefnum á sviði fötlunarmála. Í vinnu á sviðinu á að kynna og ræða kynjamun sem kann að skipta máli auk annarra þátta sem tengjast fjölbreytileika. Jafnframt er leitast við að ná jafnri kynjaskiptingu í sérfræðihópum.



Þá nefnir sviðið verkefni sem gengur út á að byggja upp þekkingu á andlegri heilsu ungra karla í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Gögn um unga karla og konur eru borin saman til að greina hugsanlegan mun. Skýrslan á að koma út sumarið 2023.

Sviðið tekur ásamt MR-JÄM þátt í að fjármagna og stýra nýju verkefni varðandi **lífskjör og lífsgæði eldra LGBTI fólks á Norðurlöndum**. Verkefninu er ætlað að auka þekkingu á lífskjörum og lífsgæðum eldra LGBTI fólks, einkum þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og umönnun.

Svið menntamála og rannsókna (MR-U) nefnir verkefni á vegum sviðsins sem fjallar um það hvernig skilyrði til menntunar í dreifbýli hafa áhrif á möguleikann á því að halda ungu fólki á svæðum þar sem fleiri konur en karlar kjósa að flytja til stærri borga eða bæja.

Jafnframt mun sviðið ýta úr vör samnorrænu átaki í tengslum við starfsmenntun á Norðurlöndum árið 2023. Tilgangur átaksins er meðal annars að virkja ungt fólk á Norðurlöndum til þess að taka þátt í umræðunni og koma með lausnir varðandi val og framkvæmd starfsnáms. Kynja- og fjölbreytileikasjónarmið eru einnig hluti af áttakinu.

Undanfarin fimm ár hefur NordForsk veitt samtals 42 milljónum norskra króna til tveggja norrænna öndvegisrannsóknasetra (Nordic Centres of Excellence) með það fyrir augum að stuðla að aukinni þekkingu á því hvernig megi auka jafnrétti á sviði rannsókna og nýsköpunar. Setrin munu skila inn skýrslum sínum á árinu 2023 og NordForsk mun kynna niðurstöðurnar fyrir viðkomandi hagsmunaaðilum.

Árið 2022 voru kynntar niðurstöður Nordplus Horisontal-verkefnisins **Girls just wanna have fundamental IT skills**. Verkefnið miðaði að því að reyna að skapa áhugaverðar aðgerðir sem geta laðað stúlkur til þess að velja sér starfsvettvang innan upplýsinga- og tæknigeirans.

Svið aðlögunarmála: Árið 2022 lögðu Norðmenn í formennskutíð sinni sérstaka áherslu á konur af erlendum uppruna og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Ráðstefnan **Promoting Women's Integration – Nordic Perspectives** og óformlegur ráðherrafundur í október 2022 einkenndust af þessu.



Konur og börn hafa einnig verið í brennidepli á árinu þar sem fjallað hefur verið um málefni tengd straumi flóttafólks frá Úkraínu. Um 75 prósent allra umsækjenda á vinnufærum aldri um vernd eru konur.

Í verkefninu [Combatting long-term unemployment among immigrants beyond the COVID-19 pandemic](#) er bent á konur sem sérstaklega viðkvæman hóp. Einn helsti boðskapur skýrslunnar er að taka ávallt mið af kynjasjónarmiðum þegar unnið er að því að auka atvinnuþátttöku innflytjenda.

Annað þema sem mikla þýðingu hefur varðandi aðlögunarmál er heilsulæsi flóttakvenna, sem rannsað var í skýrslunni [Health literacy in the Nordic countries – Not only a determinant of health, but also a tool for health promotion](#)

Fjallað var um hættuna á jaðarsetningu á meðal innflytjendadreggja í verkefni þar sem [munur á námi dreggja og stúlkna af erlendum uppruna](#) var rannsakaður. Drengir af erlendum uppruna reyndust fá lægri einkunnir. Færri drengir en stúlkur ljúka grunnskólanámi með viðunandi einkunnum.

Í samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2022–2024 er sjónum beint að þátttöku karla og kvenna á vinnumarkaði. NVC leggur áherslu á **innkomu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði**. Margar skýrslur hafa komið út sem sýna lakari stöðu kvenna. Kynntar hafa verið tillögur og dæmi um norrænar aðgerðir sem ýta undir atvinnuþátttöku kvenna.

Samskiptasvið greinir frá því að markvisst hafi verið unnið að því að uppfæra myndabankann jafnóðum þannig að nægilegt úrval sé af myndum sem tengjast börnum og ungu fólki og jafnréttismálum. Samskiptasvið leggur sérstaka áherslu á þessi málefni um þessar mundir enda telur sviðið að þessum sjónarmiðum hafi verið ábótavant. Samskiptafulltrúar og aðrir starfsmenn ráðherranefndarinnar nota myndabankann en jafnframt er hann öllum opin til notkunar sem ekki er í atvinnuskyni. Markmiðið er að framfylgja jafnréttisstefnu þegar kemur að myndanotkun í útgefnu efni, auglýsingum og öðru því efni sem ráðherranefndin sendir frá sér.

Svið stjórnsýsluhindrana, umhverfis- og loftslagsmála (MR-MK), sjálfbærrar þróunar (MR-SAM) og alþjóðlegs samstarfs og norðurskautssvæðisins (MR-SAM) greina í stuttu máli frá því hvernig sviðin hafa unnið að jafnréttismálum í tengslum við



upphaf og mat verkefna og við skipun í hópa og þegar valdir eru ræðumenn á ráðstefnum.

Jafnrétti í tengslum við styrki og styrkjakerfi

Sviðin nefndu einnig dæmi um styrkjakerfi þar sem gerð er krafa um jafnréttissjónarmið þegar sótt er um styrki. Meðal annars snýst það um hlutfall karla og kvenna á meðal þátttakenda eða almennari kröfu um að gerð sé grein fyrir virku jafnréttisstarfi. Dæmi um skrif af þessu tagi má finna í tengslum við styrki í gegnum **Nordic innovation (MR-Tillväxt)**, áætlunina **Prosperous Future (alþjóðlegt samstarf og**

„Af þeim 78 úthlutunum sem veittar voru í gegnum Menningar- og listaáætlunina runnu 45 til verkefna með skýr markmið í tengslum við jafnréttismál.“
MR-K

Norðurskautssvæðið), svið vinnumála (MR-A), svið menningarmála (MR-K) og svið málefna barna og ungs fólks (MR-SAM).

„Í umsóknum og skýrslum skal lýsa því hvernig verkefnið og niðurstöður þess fela í sér sjónarmið sjálfbærni, jafnréttis og réttinda barna og málefna ungs fólks, ásamt því að nefna dæmi um niðurstöður. Ef áætlunin/verkefnið felur ekki í sér einn eða fleiri þessara þátta skal útskýra hvers vegna það á ekki við.“
MR-TILLVÄXT, verkefna-/styrkjakerfi Nordic Innovation

Svið menntamála og rannsókna (MR-U) skrifar að í kjarnastarfsemi NordForsk, þ.e. fjármögnun norræns rannsóknasamstarfs, sé fylgst með kynjaskiptingu við öll útboð. Þetta á við um umsóknir (umsóknarhlutfall eftir kyni, verkefnastjórar) og styrkþega (styrkhlutfall eftir kyni, verkefnastjórar). NordForsk er einnig sagt ýta undir jafnrétti

„Þegar fjármögnun rannsókna er auglýst er hvatt til þess að gætt sé að jöfnu kynjahlutfalli meðal rannsakenda og umsækjendur eru beðnir um að gera grein fyrir því ef hlutfallið er ójafnt ásamt því að útskýra hvernig þeir hyggjast vinna að því að jafna hlutfallið. Þetta er metið sem hluti af viðmiðum um gæði rannsóknarhópsins (gæði rannsóknarteymis). Enn fremur eru umsækjendur hvattir til þess að flétta kynjasjónarmið inn í rannsóknina eftir því sem við á og er það metið sem hluti af viðmiðum um almenn vísindaleg gæði (Scientific Quality).“
MR-U fjármögnun NordForsk á rannsóknum



með því að vekja athygli á kostum jafnréttis og þess að samþætta kynjasjónarmið rannsóknum.

Svið fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar (MR-FJLS) nefnir einnig ársskýrslu Norrænna skógarrannsókna, SNS, fyrir árið 2022 þar sem er að finna eftirfarandi markmið og vísa: 1) Starfsemi sem fjármögnuð er skal uppfylla skilyrði um að hvort kyn eigi fulltrúa sem nemur a.m.k. 40 prósentum ásamt því að vinna markvisst að jafnréttismálum með aðstoð leiðarvísis SNS um jafnrétti. 2) SNS forgangsraðar fjármögnun starfsemi sem tengist ólíkum þáttum jafnréttis innan skógræktar.

Í ársskýrslu Norrænu nefndarinnar um landbúnaðarrannsóknir, NKJ, er einnig fjallað sérstaklega um jafnrétti: „NKJ vinnur að því að auka jafnrétti og stuðla að og viðhalda grundvallarmannréttindum og norrænum gildum. NKJ tekur mið af jafnréttisjónarmiðum í útboðstextum og umsóknareyðublöðum þar sem skýrt er tekið fram að jafnrétti sé mikilvæg forsenda fjárveitingar.“



5. Fyrirsvar í nefndum og starfshópum

Sviðin voru einnig beðin um að gera grein fyrir kynjaskiptingu á milli karla og kvenna í hinum ýmsu nefndum og starfshópum. Í samþættingarstefnunni felst að í öllum hópum og nefndum skuli leitast við að hafa jafna kynjaskiptingu sem nemur 40–60 prósentum, þannig að það kyn sem hallar á skuli að lágmarki vera 40 prósent. Niðurstöðurnar sýna að í flestum þeim nefndum og starfshópum sem sviðin gerðu grein fyrir eru fleiri konur en karlar. Í 16 af 61 hópi sem greint var frá voru konur fleiri en karlar. Í mörgum hópanna er kynjaskiptingin þó tiltölulega jöfn. Í um það bil þriðjung hópanna var hlutfall annaðhvort karla eða kvenna þó lægra en 25 prósent. Kynjaskiptingin er sýnd í eftirfarandi töflu.

	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Vinumál (MR-A)		
Embættismannanefndin um vinnumál	53%	47%
Vinumarkaðsnefndin	55%	45%
Vinnuverndarnefndin	37%	63%
Vinnuréttarnefndin	18%	82%
Stafræn umskipti (MR-DIGITAL)		
Embættismannanefndin um stafræn umskipti	82%	18%
Áætlunarnefnd Cross-Border Digital Services	60%	40%
Nordic-Baltic 5G sérfræðingahópur	64%	36%
NOBAREG – Nordic-Baltic Regulatory Group	40%	60%
Digital Inclusion stoðhópur	36%	64%
Fjármál (MR-FINANS)		
Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál	57%	43%
Sjávarútvegur, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)		
Embættismannanefndin um matvæli	23%	77%
Embættismannanefndin um fiskveiðar og lagareldi	86%	14%
Embættismannanefndin um landbúnað og skógrækt	60%	40%
Embættismannanefndin um sjávarútveg, landbúnað, matvæli og skógrækt (samhæfingarnefnd)	43%	57%
Stjórnsýsluhindranir (MR-SAM)		
Stjórnsýsluhindranaráðið	60%	40%



	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Sjálfbær þróun (MR-SAM)		
Norræni sérfræðingahópurinn um sjálfbæra þróun	50%	50%
Norrænt samstarfsnet frjálsra félagasamtaka (Nordic Civ)	40%	60%
Stýrihópur verkefnisins Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndum	30%	70%
Stýrihópur verkefnisins Not "Just" A Green Transition	50%	50%
Aðlögunarmál		
Stoðhópur	20%	80%
Nordic Capital Forum	20%	80%
Nordic Migrant Expert Forum	45%	55%
Sérfræðingahópar upplýsingamiðstöðvarinnar	30%	70%
Nordic network on Language Training at Ministerial level	10%	90%
Alþjóðlegt samstarf og norðurskautssvæðið (MR-SAM)		
Ráðgjafahópur vegna grannsvæða Norðurlanda	40%	60%
NRKA – ráðgjafahópur um málefni norðurslóða	71%	29%
Dómsmál (MR-JUST)		
Embættismannanefndin um dómsmál	20%	80%
NBCG	20%	80%
Jafnrétti og LGBTI (MR-JÄM)		
Embættismannanefndin um jafnréttismál og LGBTI	7%	93%
Samstarfsnet um jafnrétti á vinnumarkaði	0%	100%
Menningarmál (MR-K)		
Embættismannanefndin um menningarmál	19%	81%
Umhverfi og loftslag (MR-K)		
Embættismannanefndin um umhverfis- og loftslagsmál	40%	60%
NCE (starfshópur)	47%	53%
NKL (starfshópur)	25%	75%
NKE (starfshópur)	20%	80%
NBM (starfshópur)	29%	71%
NME (starfshópur)	58%	42%
NHK (starfshópur)	13%	87%
Málefni barna og ungmenna (MR-SAM)		
Norræna barna- og ungmennanefndin	20%	80%



	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-TILLVÄXT)		
Embættismannanefndin um vinnumál	67%	33%
Embættismannanefndin um orkumál	40%	60%
Embættismannanefndin um byggðamál	33%	67%
Stjórn NEF	83%	17%
Raforkumarkaðshópurinn	50%	50%
NgCCUS	40%	60%
Ferðapjónustuhópurinn	40%	60%
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)		
Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál	36%	64%
Ráð Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar	43%	57%
Fötlnarráðið	56%	44%
NOMESKO	41%	59%
NOSOSKO	60%	40%
Stoðhópur: Afleiðingar kórónuveirufaraldursins: Réttur barna og ungmenna til að láta rödd sína heyrast	30%	70%
Norrænn hópur um rafræna heilbrigðisþjónustu	50%	50%
Nefnd um mjög sérhæfða meðferð	100%	0%
Norrænt samstarfsnet um heilabilun	10%	90%
Verkefni – félagslegar fjárfestingar í norrænu löndunum – ráðgjafahópur	23%	77%
Menntun og rannsóknir (MR-U)		
Embættismannanefndin um menntun og rannsóknir	40%	60%
Fjárhagshópur MR-U	14%	86%
Tímabundinn starfshópur um endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar	42%	58%
Tímabundinn starfshópur um rannsóknir	50%	50%
Tímabundinn starfshópur um leikskóla	50%	50%
Tímabundinn starfshópur um nýja samstarfsáætlun 2025–2030	14%	86%
Áætlunarnefnd Nordplus	36%	64%
DIS-netið	39%	61%



6. Starf MR-JÄM á tímabilinu

Í eftirfarandi kafla er fjallað um vinnu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál og LGBTI á grundvelli [norrænnar samstarfsáætlunar í jafnréttismálum 2019–2024](#) og fjórum áherslusviðum hennar. Á tímabilinu var lögð áhersla á eftirfarandi jafnréttistengd málefni í formennskutíð Norðmanna (2022) og Íslendinga (2023):

1. Vinnumarkaður framtíðarinnar og hagvöxtur

Hér hleypti sviðið af stokkunum verkefninu [Jöfn laun fyrir jafngilda vinnu á Norðurlöndum](#) sem ætlað er að draga úr launamun karla og kvenna í norrænu löndunum sem enn er til staðar. Það á að gera með því að koma á samtali á milli landanna og aðila vinnumarkaðarins um hvernig byggja megi á núverandi aðgerðum, reynslu og þekkingu til þess að ná frekari árangri.

Annað verkefni er [Lax og jafnrétti](#) – verkefni sem á að stuðla að aukinni þekkingu á jafnréttismálum á sviði fiskveiða og lagareldis í norrænu löndunum. Jafnframt er markmiðið að vekja athygli á þörfinni á jafnari kynjaskiptingu og því að fleiri konur séu ráðnar til starfa í greininni. Nánar tiltekið eiga niðurstöður verkefnisins að bæta þekkinguna á því hvaða aðgerðir hafa reynst skila árangri til að auka jafnrétti í atvinnugreininni.

Aðgerðir í tengslum við þemað jafnréttismiðuð loftslagssumskipti fólust meðal annars í [þátttöku á COP27 og áherslu á umræður um réttláta loftslagsstefnu](#). Árið 2022 ákvað Norræna ráðherranefndin jafnframt að ganga í [Generation Equality's Action Coalition: Feminist Action for Climate Justice](#).

2. Velferð, heilsa og lífsgæði

Hér tók sviðið þátt í norrænu rannsóknarverkefni um kynferðislega áreitni á vinnumarkaði. Sviðið styrkti einnig gerð norræns safnrits um kynferðislega áreitni sem kom út árið 2023.

3. Völd og áhrif

Í september 2022 samþykktu jafnréttisráðherrarnir yfirlýsinguna [Pushing back the push-back: Nordic Roadmap on advancing gender equality, women's and girls' rights, and equal rights of LGBTI-persons, 2022-2024](#). Yfirlýsingunni er ætlað að ýta undir jafnrétti, réttindi kvenna og stúlkna og jafnan rétt til handa LGBTI fólki á alþjóðavísu. Einnig vekur hún athygli á mikilvægum sviðum þar sem þróunin hefur verið neikvæð á alþjóðavísu og þar sem Norðurlönd geta staðið vörð um jöfn réttindi allra.



4. Jafnréttisstarf með áherslu á karla og karlmennskuímyndir

Hér fór sviðið af stað með verkefni um andlega vanlíðan ungra karla. Tilgangurinn er að taka saman norrænt yfirlit yfir rannsóknir til þess að skrá og greina þá þekkingu sem til staðar er á Norðurlöndum og gerir löndunum kleift að skiptast á þekkingu.

Einnig komu út ýmsar skýrslur og rit á tímabilinu 2022–2023.
Eftirfarandi eru nokkur dæmi:

Tíu ára samstarf gegnum Norrænan jafnréttissjóð
Loftslag, kynferði og neysla
Gender-equal pensions in the Nordics
Starfsmenntun á Norðurlöndum

Einnig hefur MR-JAM lagt áherslu á jöfn réttindi, meðferð og tækifæri fyrir LGBTI fólk á Norðurlöndum samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um LGBTI 2021–2024. Á tímabilinu hefur sjónum verið beint að lífskjörum LGBTI fólks og inngildingum trans fólks á vinnumarkaði.



7. Samantekt

Líkt og greinargerð síðasta árs bregður þessi greinargerð í megindráttum upp jákvæðri mynd af vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að jafnréttismálum og innleiðingu sjónarmiða jafnréttis í starfseminum. Greinargerðin sýnir eftirfarandi:

- Öll svið geta nefnt dæmi um það hvernig þau unnu að jafnrétti eða fléttuðu jafnréttissjónarmið inn í skipulag og framkvæmd verkefna og gerð samstarfsáætlana og annarra stefnumótandi skjala.
- Tiltölulega algengt er að gerð sé krafa um að þau sem sækja um styrki í gegnum styrkjakerfi og útboð ráðherranefndarinnar séu meðvituð um að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.
- Helmingur sviðanna greinir frá því að þau hafi unnið ítarlegri greiningar á starfsemi sinni út frá jafnréttissjónarhorni og sett sviðinu sérstök markmið. Helmingurinn greinir á hinn bóginn frá því að slíkar greiningar hafi ekki verið gerðar og að jafnréttismarkmið séu ekki til staðar fyrir sviðið.
- Meirihluti segir að þörf sé á frekari talnagögnum og þekkingu til þess að geta betur varpað ljósi á ýmsa þætti tengda jafnréttismálum á viðkomandi málefnasviði.

Í lýsingum sviðanna á verkefnum og áherslum í jafnréttisvinnunni er að finna mörg dæmi um verkefni sem hafa tengingu við atvinnulífið. Þau snúast bæði um tækifæri erlendra kvenna til þess að komast inn á vinnumarkaðinn og að ýta undir val á námi og starfi óháð kyni. Einnig voru nefnd mörg dæmi þar sem áhersla hefur verið lögð á réttinda- og jafnræðismál, t.d. fyrir LGBTI fólk.

Heilt á litið er Norræna ráðherranefndin vel á veg komin í vinnunni við að innleiða jafnréttissjónarmið en frekari þróunar er þörf til að uppfylla fyrirætlanir [stefnunnar](#). Fleiri svið þurfa að greina málefnasvið sín með kerfisbundnum hætti út frá jafnréttissjónarmiði og setja sér markmið í jafnréttismálum. Einnig þarf að efla vinnuna með framkvæmd ítarlegra greininga, sem svo má nota til að gera áætlunir um aðgerðir er stuðla að auknu jafnrétti. Jafnframt er mikilvægt að vinna áfram að jafnari kynjaskiptingu í nefndum og starfshópum ráðherranefndarinnar.